

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skútustaðahreppi.

Deiliskipulag fyrir áningarstað í Vikraborgum við Öskju.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 21. desember 2016 deiliskipulag fyrir áningarstað í Vikraborgum við Öskju. Markmið deiliskipulagsins er að móta ramma fyrir þróun og uppbyggingu á áningarstaðnum með lágmarksþjónustu, svo sem aðkomuvegi, gönguleiðum, fræðsluskiltum og bílastæði svo staðurinn geti betur mætt vaxandi straumi ferðamanna sem leggja leið sína í Öskju. Deiliskipulaginu er ætlað að endurskoða bílastæði sem fyrir eru, fella þau að landslagi og afmarka byggingarreit fyrir viðveruhús og snyrtingar fyrir daggesti.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Mývatnssveit, 17. maí 2017.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 1. júní 2017